

**Nd.**

**355. Nefndarálit**

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 26 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hafa borizt 4 frv. til breytinga á lögum um alþýðutryggingar (þskj. 11, 25, 156 og 192), sem ekki hefir unnizt tími til að ganga frá, sérstaklega þar sem sum þessara frv. hafa að geyma margar og stórvægilegar breyt. á alþýðutryggingalögunum. Og þar sem óvíst má telja, að unnt verði á þessu þingi að gera verulegar breytingar á lögum þessum, þá telur nefndin rétt að afgreiða nú þegar frv. á þskj. 11, og leggur því til, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Héðinn Valdimarsson,  
form.

Stefán Jóh. Stefánsson,  
frsm.

Thor Thors.

Garðar Þorsteinsson.